

Nd.

365. Nefndarátt

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á síðasta þingi lá fyrir nefndinni samskonar frv. að efninu til, frá þm. Strandamanna. Tilgangur flutningsmanns mun hafa verið að greiða fyrir aukinni ræktun, með því að ljetta af áburðinum allþvingbærum flutningsgjöldum, er þá voru um eða yfir 60 kr. af hverri smálest, og gera áburðinn á þann hátt ódýrari fyrir notendur.

Þetta hefir nú breyst mjög til batnaðar, flutningsgjöld frá útlöndum á tilbúnum áburði lækkað meira en um helming, ofan í 25 kr. fyrir smálestina, svo nú má telja flutningskostnaðinn viðunandi. Það virðist því ekki ástæða til að grípa til þess skipulags, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þungbærs flutningskostnaðar.

Flutningsmaður mun heldur ekki hafa haft flutningsgjöldin svo mjög í huga með flutningi frv. nú, eins og sjá má af greinargerðinni, heldur mun fremur bera að skoða frv. sem tilraun til þess að bjarga áburðarnotendum frá öðrum og ef til vill þyngri útgjalda-auka.

Það mál er þannig vaxið samkv. skýrslu stjórnar B.fjel. Íslands, að framkvæmdarstj. fjelagsins hefir snemma á síðastliðnu ári, af ástæðum, sem ekki eru kunnar, slept, að því er virðist viljandi, þvert ofan í samþykkt búnaðarþingsins, einkasölu þeirri, er Búnaðarfjel. Íslands hafði haft frá Norsk Hydro á Noregs-saltþjetri, í hendur firmanu Nathan & Olsen í Reykjavík, og dulið fjelagsstjórnina þessa nær hálf tannað missiri.

Firmað Nathan & Olsen hafði einnig einkaumboð fyrir Dansk Gödnings Kompagni hjer á landi, en það hefir aftur umboð fyrir þýsku kalksaltþjetersverksmiðjurnar. Allur kalksaltþjetur, er hingað flyst, er því nú á hendi firmans Nathan & Olsens.

Nefndin er sammála um, að þetta skipulag sje mjög óheppilegt og geti orðið svo óhagkvæmt fyrir áburðarnotendur, að það tefði að mun fyrir ræktun landsins.

Leiðin, sem frv. bendir til út úr þessum ógöngum, er að vísu fær, en nefndin telur hana þeim annmörkum bundna, að hún kýs heldur að stíga sporið fyllra og heimila að taka einkasölu á áburðinum.

Nefndin telur eðlilegast, að B.fjel. Íslands hafi þessa einkasölu, en gengur þá jafnframt út frá því, að það hafi þá þeirri framkvæmdarstjórn á að skipa, er treysta megí.

Nefndin er að vísu andvíg einkasölu yfirleitt, en telur þá atburði, er gerst hafa í þessu máli, þannig, að ekki sje við hlítandi, og ræktun landsins svo mikils verða, að hún vill þrátt fyrir það grípa til einkasöluheimildar, ef ekki tekst að greiða fram úr málinu á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 1. gr. orðist svo :

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1927 hafi Búnaðarfjelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfjelag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfjelag Íslands getur, í samráði við atvinnuáráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið hámark sölukostnaðar.

2. 2. gr. orðist þannig:

Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfélag Íslands hefir 1. jan. 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Norvegssaltþjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltþjeturstegundum.

3. 4. gr. orðist svo:

Áburðurinn skal sendur samkvæmt pöntun á alla viðkomustaði skipanna. Andvirði hans skal greiða við móttöku.

4. 5. gr. falli burt.

5. 6. gr. verði 5. gr. Niðurlag greinarinnar frá »t. d. um« og til enda gr. falli burt.

6. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. Fyrirsögn frv. verður:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Hákon Kristófersson, Jörundur Brynjólfsson. Jón Sigurðsson,
form. frsm.

Halldór Stefánsson. Árni Jónsson.